



Minningarsjóður Einars Darra

E I T T L Í F

Mikil vinna hefur verið lögð í þróun á EITT LÍF forvarnar- og fræðsluerindinu um misnotkun á lyfjum og öðrum fíkniefnum, ætlað fyrir grunnskóla Íslands. Við úrvinnslu á erindinu var stuðst við rannsóknir, einnig var horft til fyrri reynslu okkar, frá því að við höldum erindi í framhaldskólum landsins. Ásamt því þá var einnig lögð fyrir rafræn spurningarkönnun fyrir ungmenni 15-22 ára. Rúmlega 500 ungmenni svöruðu könnuninni, notast var við niðurstöður úr henni við þróun forvarnarfræðslunnar. Þegar búið var að setja saman grófa uppbyggingu á erindinu þá var settur saman rýnihópur sem innihélt hóp af fólki frá mismunandi áttum í samfélaginu, þar á meðal ungmenni og fræðimenn.

Ég á bara eitt líf forvarnarfræðslan er valdeflandi, persónuleg, lausnamiðuð, á jafningjar grundvelli og við einblýnum á að fræða ekki hræða. Við leggjum áherslu á að um sé að ræða langtíma átak, með áframhaldandi verkefnavinnu sem lagt er fyrir af umsjónarkennara hvers bekkjar. Verkefnin eru afhent hverjum skóla fyrir sig og eru verkefnin sett upp af okkur.

Þeir sem koma að forvarnarfræðslunni vorið 2019 eru Andrea Ýr Arnarsdóttir, mastersnemi í Heilbrigðisvísindum og Aníta Rún Óskarsdóttir, systur Einars Darra. Bára Tómasdóttir, móðir Einars Darra og Kristján Ernir Björgvinsson, vinur Einars Darra og fíkill í bata.

Foreldrar og starfsfólk skólanna sitja erindið áður en nemendur fá fræðsluna, það er gert til að stuðla að því að fullorðnu einstaklingarnir séu reiðubúnir að taka á móti börnunum eftir að þau fá erindið og geti haldið áfram umræðunni sem og aðstoða börnin ef við á.

Hægt er að hafa samband við forsvarsmenn með því að senda póst á egabaraeittlif@gmail.com